

Félag skólastjórnenda í Reykjavík

Skýrsla stjórnar 2012-2014

3. október 2014

Inngangur

Á aðalfundi Félags skólastjórnenda í Reykjavík sem haldinn var 5. október 2012 voru eftirtaldir kosnir í stjórn félagsins til næstu tveggja ára:

- Guðlaug Erla Gunnarsdóttir skólastjóri Ingunnarskóla, formaður.
- Jón Páll Haraldsson aðstoðarskólastjóri Laugalækjarskóla, varaformaður.
- Hanna Guðbjörg Birgisdóttir skólastjóri Vesturbæjarskóla, meðstjórnandi.
- Margrét Einarsdóttir aðstoðarskólastjóri Kelduskóla, meðstjórnandi.
- Sigurborg I. Sigurðardóttir deildarstjóri í Ölduselsskóla, meðstjórnandi.

Varamenn

- Björk Jónsdóttir skólastjóri Brúarskóla.
- Örn Halldórsson skólastjóri Grandaskóla.

Skoðunarmenn reikninga

- Björn Pétursson skólastjóri Melaskóla.
- Árni Freyr Sigurlaugsson deildarstjóri í Fossvogsskóla.

Varamenn

- Börkur Vígþórsson skólastjóri Ölduselsskóla.
- Sigríður Anna Guðjónsdóttir skólastjóri Ísaksskóla.

Jón Páll Haraldsson gekk úr stjórn félagsins í byrjun árs 2014 vegna anna í námi. Örn Halldórsson gekk í stjórn í hans stað. Hanna Guðbjörg tók við embætti varaformanns í stað Jóns Páls.

Fyrsti fundur stjórnar var haldinn 2. nóvember 2012. Á þeim fundi var ákveðið að Margrét Einarsdóttir tæki að sér að vera gjaldgeri og Hanna Guðbjörg Birgisdóttir ritari. Eins og fram hefur komið tók Hanna Guðbjörg að sér starf varaformanns við brotthvarf Jóns Páls en Örn tók við starfi ritara.

Umræður um úrbætur í þjónustu við nemendur sem skólarnir telja sig ekki geta sinnt sem skyldi eins og aðstæður eru í dag og nauðsyn þess að skapa aukinn sveigjanleika til stjórnunar og faglegrar forystu í grunnskólunum eftir 50% niðurskurð á viðbótarstjórnunarkvóta á árunum 2009 – 2010 voru áberandi í störfum stjórnarinnar. Einnig var töluverð umræða um jafnræði á milli skóla hvað varðar tæknibúnað og almenna aðstöðu í grunnskólunum. Stjórnin lagði áherslu á að bjóða upp á fræðslu fyrir félagsmenn og skapa aðstöðu fyrir hópinn til að hittast og efla andann. Stjórnin ákvað að bjóða upp á tveggja daga námsferð í samvinnu við SFS og var vel tekið í þessa nýbreytni en rúmlega 50 manns tóku þátt og var almenn ánægja með ferðina.

Fundir

Félagsfundir og námsferð

Stjórn félagsins stóð fyrir tíu félagsfundum þar sem ýmis fræðsluerindi voru flutt og málefni líðandi stundar rædd. Félagið stóð einnig fyrir haustferð fyrir skólustjórnendur í samvinnu við SFS.

1. **félagsfundur:** Haldinn 11. janúar 2013 í Laugarlækjarskóla. Þetta var vinnufundur félagsmanna. Hrönn Pétursdóttir stjórnaði vinnunni sem snérist um að forgangsraða verkefnum félagsins og var um leið námskeið í stjórnun hópavinnu.
2. **félagsfundur:** Haldinn 7. mars 2013 í Réttarholtsskóla. Fræðslufundur þar sem Þorkell D. Jónsson sagði frá meistararitgerð sinni sem byggði á kenningum Gunnars Berg um svigrúm til athafna. Í kjölfarið fjallaði Gunnar Berg prófessor við *Mittuniversitetet* í Svíþjóð um forystustjórnun.
3. **félagsfundur:** Haldinn 11. apríl 2013 í Kelduskóla. Fræðslufundur þar sem þrír skólustjórnendur sögðu frá meistaraprófsritgerðum sínum sem þeir höfðu nýlokið. Þetta voru þær Sigurborg I. Sigurðardóttir með erindið: *Nemendur á gráu svæði – krakkar án greiningar en með mikla stuðningsþörf*, Júlíana Hauksdóttir með erindið: *Úttekt á störfum deildarstjóra* og Aðalheiður Diego Hjálmarasdóttir með erindið: *Hlutverk skólustjórnenda í foreldrasamstarfi*.
4. **félagsfundur:** Haldinn 24. maí 2013 í Iðusölum. Vorfundur félagsins, ræðumaður kvöldsins var Jóhanna Vilbergsdóttir en síðan kom Helga Braga og skemmti fundarmönnum.
5. **félagsfundur:** Haldinn 16. september 2013 í Laugalækjaskóla, Svanhildur Ólafsdóttir formaður SÍ kom á fundinn og fór yfir stöðuna í kjaraviðræðum.
6. **félagsfundur:** Haldinn 5. desember 2013 í Turninum. Fræðslufundur þar sem Einar Gylfi Jónsson sálfræðingur ræddi leiðir til að takast á við álag og streitu í starfi.
7. **félagsfundur:** Haldinn 30. janúar 2014 í Háaleitisskóla. Kynningarfundur á niðurstöðum PISA 2012, Ragnar F. Ólafsson frá Námsmatsstofnun sá um kynninguna. Síðan tóku við umræður um stöðu kjaraviðræðna Svanhildur Ólafsdóttir og Oddur S. Jakobsson komu og kynntu stöðuna.
8. **félagsfundur:** Haldinn 7. mars 2014 í Borgartúni (Kerhólum). Fundur haldinn til að fjalla um málefni skóla án aðgreiningar. Fundurinn var haldinn að beiðni skóla- og frístundasviðs. Að loknum fundi gátu fundarmenn fengið sér léttar veitingar í góðra vina hópi.
9. **félagsfundur:** Vorfundur félagsins haldinn 9. maí 2014 í Iðnó. Ræðumaður kvöldsins var Björk Jónsdóttir og síðan kom Þorsteinn Guðmundsson og skemmti fundarmönnum.
10. **félagsfundur:** Haldinn 3. október 2014 í Kerhólum í Borgartúni. Ræðumaður Svanhildur María Ólafsdóttir, formaður Skólustjórafélags Íslands. Aðalfundur.

Námsferð: 20. - 21. nóvember 2013 var farin námsferð á Bifröst. Kristinn Hjálmarsson var með námskeið í breytingastjórnun í tengslum við innleiðingu á nýrri aðalnámskrá og einnig var markmiðið með ferðinni að stjórnendahópurinn ætti góðar stundir saman.

Aðrir óformlegir félagsfundir

Skólastjórar hittust einnig utan hefðbundinna félagsfunda m.a. í Ingunnarskóla 18. júní 2013 en þá var opinn umræðufundur um málefni skólastjórnenda í Reykjavík. Rædd ýmis málefni sem brunnu á skólastjórnendum. 27. september 2013 var umræðufundur sem var haldinn í framhaldi af fundi 18. júní. Fleiri opnir umræðufundir voru haldnir til að ræða það sem var efst á baugi hverju sinni.

Stjórnarfundir

Stjórn félagsins fundaði reglulega á tímabilinu og eru fundargerðir aðgengilegar á vef félagsins <http://skolastjorar.grunnskolar.is/>

Fundir skóla- og frístundaráðs

Formaður félagsins eða varaformaður í forföllum formanns var áheyrnafulltrúi skólastjóra á fundum skóla- og frístundaráðs. Björk Jónsdóttir skólastjóri í Brúarskóla og varamaður í stjórn sat einn fund. Fulltrúi skólastjóra í Reykjavík sat samtals 39 fundi á tímabilinu og lagði fram fimm bókanir, tvær trúnaðarbókanir og eina tillögu. Innihald þess sem fulltrúi félagsins lagði fram á fundum ráðsins má finna á vef félagsins, í fundargerðum ráðsins og í fylgiskali 3.

Aðrir fundir

Formaður sat formanna- og trúnaðarmannafundi Skólastjórafélags Íslands 2013 og 2014. Stjórnin tók þátt í málþingi fyrir nefndir og stjórnir á vegum KÍ 19. nóvember 2013. Stjórnin sat tvo fundi með stjórn Samfok á tímabilinu til að ræða samstarf skólastjórnenda og foreldrasamfélagsins. Formaður fundaði þessu til viðbótar þrisvar sinnum með stjórn Samfok. Á þessum fundum var rætt um hvernig skólastjórnendur geta ýtt undir aukið og skilvirkt foreldrasamtarf í skólunum.

Skólamálahópur

Kom einu sinni saman á þessu tímabilinu til að ræða áherslur og eftirfylgni varðandi stefnu um skóla án aðgreiningar. Niðurstaða fundarins var að óska eftir því að SFS myndi vinna að því að gera könnun á því hvað það væru margir nemendur sem skólarnir teldu sig ekki ná að sinna miðað við þau úrræði sem eru til staðar í dag og að skilgreina í hverju vandinn er fólgin.

Stuðningsteymi

Skólastjórar í stuðningsteymi komu tvisvar sinnum saman á tímabilinu til að ræða við skólastjóra og veita stuðning í aðstæðum sem upp höfðu komið í skólunum.

Aðalfundur og árshátíð Skólastjórafélags Íslands

Stjórnin hafði umsjón með árshátíð Skólastjórafélags Íslands 11. október 2013 og fékk fulltrúa úr hópi skólastjórnaenda í Reykjavík til að taka að sér fundarstjórn og ritun á aðalfundi félagsins 12. október sama ár. Ásgeir Beinteinsson skólastjóri Háteigsskóla og Jónína Ólöf Emilsdóttir sáu um fundarstjórn en Hilmar Hilmarsson skólastjóri Réttarholtsskóla og Júlíana Hauksdóttir aðstoðarskólastjóri Hamraskóla sáu um fundarritun.

Tengsl við skólayfirvöld

Stjórn félagsins hefur ávallt talið mikilvægt að gott samstarf sé milli félagsins og skólayfirvalda í borginni. Stjórnin setti sér það markmið í upphafi að kalla eftir reglulegum fundum með skólayfirvöldum til að ræða ýmis mál sem snúa að grunnskólunum og því sem er efst á baugi hjá stjórnendum í borginni hverju sinni. Formaður og varaformaður funduðu 23. janúar 2013 með Oddnýju Sturludóttur og Ragnari Þorsteinssyni. 19. ágúst 2013 funduðu formaður og varaformaður með Ragnari Þorsteinssyni og Oddnýju Sturludóttur. Stjórnin fundaði með Auði Stefánsdóttur 17. mars 2013 og ræddi um málefni stjórnenda í Reykjavík. 11. september 2014 funduðu formaður, varaformaður og Örn Halldórsson með Skúla Helgasyni formanni skóla- og frístundaráðs, Auði Stefánsdóttur og Kristjáni Gunnarssyni fjármálastjóra (Ragnar Þorsteinsson var forfallaður).

Fundir starfshóps skólastjóra í Reykjavík um úrvinnslu á gögnum frá Kríunes-fundinum

Stofnað var til hópsins í kjölfar umræðna í samráði skólastjóra og yfirmanns grunnskólaskrifstofu. Hlutverk hópsins átti að vinna úr punktum sem skólastjórar fengu í hendur sem niðurstöður af fundi sem fram fór í september 2013 og fjallaði samskipti skólastjóra við SFS. Formanni Félags skólastjórnenda í Reykjavík var falið að skipa hópin og kalla hann saman. Hópurinn skildi vera skipaður fulltrúa skólastjóra úr öllum hverfum auk formanns og varaformanns.

Hópin skipuðu eftirtaldir skólastjórar:

Guðlaug Erla Gunnarsdóttir formaður, Guðbjörg Hanna Birgisdóttir varaformaður, Örn Halldórsson, Ásgeir Beinteinsson, Hilmar Hilmarsson, Þórður Kristjánsson, Þorsteinn Sæberg Sigurðsson og Jóhanna Vilbergsdóttir.

Fyrsti fundur starfshópsins var í Ingunnarskóla 28. febrúar. Hópurinn var allur saman kominn utan Ásgeirs. Farið var yfir málin og strax komist að þeirri niðurstöðu að leggja punktana frá Kríunes-fundinum til hliðar. Niðurstaða umræðunnar var að kjarni óánægju skólastjóra mætti rekja til álags vegna takmarkaðs sveigjanleika í rekstri. Það vantaði meira fjármagn inní skólanna. Til þess að ná því fram þyrfti því að fá þá stjórnáamenn sem færu með málefni grunnskólans til fundar. Ákveðið var að leggja áherslu á þrjá punkta sem skólastjórar teldu að bregðast verði við strax: Aukið fjármagn til stjórnunar. Aðgerðir vegna nemenda sem eru að valda miklu álagi á skóla vegna hegðunar þannig að stjórnendur ná ekki að tryggja öryggi þeirra eða annarra barna. Búnaðarmál skóla tölvubúnaður og annar búnaður sem þarfnast endurnýjunar eftir mörg ár án viðhalds og huga að jafnræði á milli skóla. Starfshópurinn hittist aftur á undirbúningsfundi ásamt Ragnari Þorsteinssyni í Árbæjarskóla þann 4. mars 2014 til að undirbúa fund með kjörnum fulltrúum.

Fundur starfshóps með kjörnum fulltrúum í Skóla og frístundaráði Reykjavíkur í Grandaskóla 14. mars 2014.

Auk starfshópsins komu til fundarins Ragnar Þorsteinsson sviðsstjóri, Oddný Sturludóttir, Kjartan Magnússon, Eva Einarsdóttir, Lív Magneudóttir, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir.

Guðlaug hóf fundinn og fór yfir punktanna sem við óskuðum eftir að yrðu ræddir. Ákveðið var að fara í gegnum hvern punkt fyrir sig með umræðu. Varðandi fyrsta punkt þá kom það fram að í fjárhagsáætlunarvinnu næsta árs væru hugmyndir um að setja inn fjármagn í aukinn sveigjanleika til þróunarstarfs sem gæti nýst stjórnendum til að deila verkefnum og þannig létt á álagi. Stærsti hluti fundarins fór í umræður um nemendur sem skólarnir ráða illa við og úrræðaleysi fyrir þá nemendur. Eins var rætt um úrræðaleysi varðandi börn í vímuefnavanda. Stjórnámálamenn hlustuðu á áhyggjur skólastjóranna en ekki kom fram að einhverjar lausnir væru í sjónmáli aðrar en þegar hafa verið kynntar. Umræðan barst að þjónustumiðstöðvum og hve ólík þjónustan væri eftir hverfum. Ragnar óskaði eftir því við skólastjórana í hverfunum að þeir sendu honum minnisblað um hvernig þjónustan væri að nýtast. Í lokin var rætt um búnaðarmál og jafnræði á milli skóla en ekki gafst mikill tími til umræðna en það tókst þó að koma til skila áhyggjum um að skólar í Reykjavík dragist hratt aftur úr ef ekki verið brugðist við. Fundarmenn þökkðu fyrir góðan fund. Stjórnámálamenn þökkðu fyrir þennan vettvang og voru sammála um að stefna ætti að því að hittast reglulega á slíkum fundum. Formaður Félags skólastjórnenda í Reykjavík hefur óskað eftir að hitta kjörna fulltrúa að nýju nú í upphafi nýs skólaárs.

Umsagnir

Stjórn félagsins sendi frá sér umögn um viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat í grunnskólum í september 2014.

Einnig fór stjórnin yfir spurningar og sendi frá sér umsögn um könnun sem var lögð fyrir skólastjórnendur vorið 2014 til að safna upplýsingum um fjölda nemenda sem skólarnir telja að þeir geti ekki sinnt sem skyldi og/eða ógna öryggi í skólaumhverfinu. Þessi könnun var lögð fyrir vegna beiðni sem stjórnin sendi frá sér til SFS og unnin í samvinnu stjórnar og sviðsins.

Auk þessa formlegu umsagna var formaður kallaður til ýmissa funda hjá SFS til að leita ráðgjafar varðandi ýmis mál sem tengjast skólastjórum og grunnskólum borgarinnar.

Stjórn Félags skólastjórnenda í Reykjavík sendi skóla- og frístundasviði erindi þar sem lýst var áhyggjum skólastjórnenda af öryggi nemenda í grunnskólum borgarinnar. Of margir nemendur glími við aðstæður sem eru þeim mjög erfiðar án þess að hafa nægilegan stuðning. Af því skapist hætta og veruleg truflun í skólastarfi fyrir viðkomandi nemendur, aðra nemendur og starfsfólk skólanna.

Óskað var eftir að annars vegar yrði gerð formleg úttekt á fjölda nemenda í grunnskólum sem skólasamfélagið telji sig ekki ná að sinna sem skyldi og hins vegar að teknar yrðu upp viðræður við skólastjórnendur um framgang mála og úrlausn. Tekið var vel í erindið og var könnunin lögð fyrir skólastjórnendur vorið 2014 og í kjölfarið var stofnaður starfshópur til að vinna að úrlausnum á grundvelli niðurstaðna.

Áherslur stjórnar þessa tímabils

Á fyrsta fundi félagsfundis sem haldinn var 11. janúar 2013 í Laugarlækjarskóla var áhersla lögð á að fá fram umræður um væntingar til stjórnarinnar.

Samantekt á áherslum

Við samantekt á vinnu fundarins má sjá ýmis skyld atriði sem hægt er að flokka á ýmsan máta. Dregnir voru fram eftirfarandi meginflokkar, fyrst þeir sem flest atkvæði fengu:

1. Starfsmannastjórnun / mannauðsmál.
2. Faglegt samstarf og samvera skólastjórnenda í borginni.
3. Fagleg forysta í skólanum og innleiðing aðalnámskrár.
4. Erfið mál einstakra nemenda í skólum.
5. Fjármál skólanna og fjármálastjórnun.
6. Stjórnunarkvóti skólanna.

Tillögur í hverjum flokki voru margar og fjölbreyttar, sjá nánar í fundargerð á vef félagsins. Auðvelt er að sjá þessir helstu flokkar tengjast innbyrðis á ýmsa vegu.

Stjórnin leitaðist við að skipuleggja starfið með þessar áherslur í huga og reyndi að fylgja eftir þeim málum sem mest brunnu á skólastjórnendum s.s. að ræða um fjármál skólanna, stjórnunarkvótann og erfið mál einstakra nemenda við skólayfirvöld og óska eftir úrbótum í þeim efnum.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1

Lög fyrir Félag skólastjórnenda í Reykjavík

Nafn

1. gr.

Félagið heitir Félag skólastjórnenda í Reykjavík og er deild í Skólastjórafélagi Íslands. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

Hlutverk félagsins er

2. gr.

- a) Að fara með málefni félagsmanna í Skólastjórafélagi Reykjavíkur.
- b) Að vinna að bættum kjörum félagsmanna sinna.
- c) Að stuðla að umbótum í fræðslu- og uppeldismálum í Reykjavík.
- d) Að vinna að aukinni menntun félagsmanna.
- e) Að stuðla að kynningu milli félagsmanna og efla faglega umræðu meðal þeirra.
- f) Að efla skólastarf í Reykjavík í hvívetna og kynna það sem best.
- g) Að annast tengsl við sambærileg félög innanlands sem erlendis og stuðla að samskiptum við aðrar þjóðir.

Aðild að félaginu eiga

3. gr.

Aðild að félaginu eiga þeir félagar Skólastjórafélags Íslands sem starfandi eru í grunnskólum í Reykjavík.

Aðalfundur

4. gr.

Aðalfundur félagsins skal halda annað hvert ár í október. Til fundarins skal boðað með eins mánaðar fyrirvara. Rétt til setu á aðalfundi hafa allir félagsmenn. Einum mánuði fyrir aðalfund auglýsir stjórn félagsins eftir framboðum til stjórnar. Tillögur skulu hafa borist stjórn, tveimur vikum fyrir aðalfund.

Dagskrá aðalfundar

5. gr.

- a) Fundarsetning og skipan fundarstjóra og fundarritara.
- b) Skýrsla stjórnar.
- c) Reikningar lagðir fram.
- d) Lagabreytingar.
- e) Kosningar:
 - Kosning skoðunarmanna reikninga.
 - Kosning formanns og varaformanns.
 - Kosning þriggja meðstjórnenda.
- f) Önnur mál.

Kosningar

6. gr.

- a) Kjósa skal sérstaklega formann og varaformann. Auk þeirra skal kjósa þrjá meðstjórnendur sem skipta með sér verkum og tvo til vara.
- b) Kjósa skal tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara.
- c) Kjósa skal bundinni leynilegri kosningu, ef stungið er upp á fleirum en kjósa á. Að öðrum kosti teljast þeir sjálfkjörnir sem tilnefndir hafa verið.

Stjórn

7. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, kjörtímabil stjórnar er tvö ár og eru stjórnarmenn kjörnir á aðalfundi félagsins. Að frátöldum formanni og varaformanni skiptir stjórnin með sér verkum. Stjórn heldur stjórnarfundi svo oft sem þurfa þykir.

Almennir félagsfundir

8. gr.

Stjórn Félags skólastjórnenda í Reykjavík boðar til almennra félagsfunda. Skyld er að boða til almenns fundar ef 10% eða fleiri krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni.

Um gjörðabækur

9. gr.

Ritari félagsins heldur gjörðabækur og fundargerðir skulu samþykktar á stjórnarfundi og undirritaðar af ritara og formanni. Fundargerðir stjórnar og nefnda skulu birtar félagsmönnum á aðgengilegan hátt t.d. með netpósti.

Fjárreiður og bókhald

10. gr.

Gjaldkeri félagsins hefur umsjón með fjárreiðum þess og bókfærslu og leggur fram reikninga undirritaða af skoðunarmönnum félagsins. Auk þess skal hann gefa stjórn yfirlit yfir stöðuna a.m.k. einu sinni á ári.

Lagabreytingar

11. gr.

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi félagsins enda hafi breytingarnar verið kynntar í fundarboði. Tillögur um lagabreytingar þurfa að hafa borist stjórn þrem vikum fyrir aðalfund og skulu þær kynntar félagsmönnum eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund. Til þess að breyting nái fram að ganga verður hún að hljóta samþykki 2/3 hluta greiddra atvæða.

Gildistaka

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar aðalfundur Félag skólastjórnenda í Reykjavíkur hefur samþykkt þau.

Fylgiskjal 2

Starfshópar á kjörtímabili stjórnar 2012-2014

Félagsmenn í Félagi skólastjórnenda í Reykjavík hafa setið/sitja í ýmsum starfshópum og nefndum á starfstíma stjórnar. Um er að ræða hópa á vegum Félags skólastjórnenda í Reykjavík, skóla- og frístundasviðs og annarra aðila. Sumir þessara hópa hafa lokið störfum og skýrslur verið gefnar út en aðrir eru enn að störfum.

Starfshópur sem fjallar um aðgang að dagbókum í *Outlook*

Porsteinn Sæberg skólastjóri Árbæjarskóla

Starfshópur til að undirbúa stofnun og starfsemi fyrsta þáttökubekkjjar Klettaskóla

Kristrún G. Guðmundsdóttir skólastjóri Hlíðaskóla

Starfshópur um auglýsingar í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi á vegum SFS

Ásgeir Beinteinsson skólastjóri Háteigsskóla

Starfshópur um líðan og námsstuðning stúlkna í grunnskólum

Árni Freyr Sigurlaugsson aðstoðarskólastjóri Fossvogsskóla

Undirbúningshópur fyrir öskudagsráðstefnuna

Margrét Einaradóttir aðstoðarskólastjóri Kelduskóla

Sigurlaug Svavarsdóttir aðstoðarskólastjóri Austurbæjarskóla

Starfshópur um mögulega aukningu á aðkomu foreldra að ráðningum skólastjóra

Árný Inga Pálsdóttir skólastjóri Kelduskóla

Starfshópur til að móta stefnu um notkun og innkaup tölvubúnaðar fyrir nám og kennslu mikið fatlaðra nemenda í sérskólum, sérdeildum og almennum grunnskólum í Reykjavík

Bjarnveig Bjarnadóttir fulltrúi sérdeilda fyrir nemendur með einhverfu

Oddný Yngvadóttir, deildarstjóri sérkennslu í Hlíðaskóla,

Valgerður Marinósdóttir, deildarstjóri í Klettaskóla

Starfshópur um börn með hegðunarvanda sem skólar ná ekki að sinna

Jónína Emilsdóttir skólastjóri í Vogaskóla,

Örn Halldórsson skólastjóri í Grandaskóla

Björk Jónsdóttir skólastjóri í Brúarskóla.

Starfshópur sem rýnir í vinnureglur í kringum Skrekk

Jón Pétur Zimsen aðstoðarskólastjóri í Réttarholtsskóla

Porsteinn Sæberg skólastjóri Árbæjarskóla

Starfshópur um aukinn árangur nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar

Ásgeir Beinteinsson skólastjóri Háteigsskóla

Kristín Jóhannesdóttir skólastjóri Fellaskóla

Starfshópurinn „Börnin í borginni“

Ásgeir Beinteinsson skólastjóri Háteigsskóla

Starfshópur um breytt verklag í sérfræðipjónustunni

Kristinn Breiðfjörð skólastjóri Foldaskóla

Starfshópur um lýðheilsu og heilsueflingu barna og unglunga í leik- grunn- og frístundastarfi á vegum SFS

Óskar Sigurður Einarsson skólastjóri Fossvogsskóla

Starfshópur um fjárhagslega rýningu á skóla- og frístundasviði

Ásgeir Beinteinsson skólastjóri Háteigsskóla.

Fylgiskjal 3

Tillaga á 29. fundi skóla- og frístundaráðs 7.11.2012

Fulltrúi skólastjórnenda í Reykjavík fagnar því að sviðsstjóra sé falið að koma með tillögur að því hvernig aðkoma foreldra að ráðningarferli stjórnenda geti aukist og óskar eftir að fulltrúi frá skólastjórum hafi aðkomu að tillögugerðinni.

Bókun á 30. fundi skóla- og frístundaráðs 21.11.2012

Mikilvægt er að standa vörð um það sem vel er gert í mötuneytismálum í grunnskólum borgarinnar. Um leið er ástæða til að fagna fyrirhuguðum þjónustustöðlum sem m.a. stuðla að endurnýjun tækja og búnaðar í mötuneytum skólanna. Við fyrirhugaðar breytingar er nauðsynlegt að virða sérfræðipækkingu matreiðslumeistara sem starfa í skólum borgarinnar og hafa samráð við um þá um þær úrbætur sem gera þarf á starfi mötuneytanna. Tryggja þarf að fyrirhuguð miðlæg innkaup skerði hvorki gæði hráefnis né fjölbreytni matar sem nemendum er boðið upp á í skólunum. Slíkt myndi leiða til minni þátttöku nemenda og þar með minni tekna af mötuneytum.

Bókun á 41. fundi skóla- og frístundaráðs 5. 6.2013

Fulltrúar skólastjórnenda í grunn- og leikskólum ásamt fulltrúa kennara í grunnskólum vilja beina því til kjörinna fulltrúa að þeir standi vörð um öfluga og metnaðarfulla grunnþjónustu nemenda í leik- og grunnskólum á komandi fjárhagsári. Mikilvægt er að á komandi fjárhagsári verði hugað að faglegri sókn og bættri aðstöðu í skólunum. Einnig er vert að benda á að þörf er á að jafna aðstöðu í skólum en eldri stofnanir búa margar yfir lakari búnaði og aðstöðu en þær nýrri.

Bókun á 49. fundi skóla- og frístundaráðs 20.11.2013

Fulltrúi skólastjórnenda í grunnskólum ásamt fulltrúa kennara í grunnskólum vilja fagna aukinni úthlutun til tækja- og búnaðarkaupna í grunnskólum borgarinnar á komandi fjárhagsári, en tækja- og búnaðarkostur í grunnskólum Reykjavíkur er víða mjög lakur og aðkallandi þörf á endurnýjun.

Bent er á að þörf er á að jafna aðstöðu í skólum en eldri stofnanir búa margar yfir mun lakari búnaði og aðstöðu en þær nýrri til að tryggja jafnræði barna í grunnskólum borgarinnar.

Bókun á 57. fundi skóla- og frístundaráðs 9.4 .2014

Fulltrúi skólastjórnenda í Reykjavík vill koma því á framfæri að skólastjórnendur í Reykjavík telja að það fjármagn sem skólunum er úthlutað til að vinna eftir stefnu um skóla án aðgreiningar sé langt frá því að vera nægilegt. 7. mars síðastliðinn stóð Félag skólastjórnenda í Reykjavík fyrir umræðufundi um skóla án aðgreiningar og kom það mjög skýrt fram á fundinum að stjórnendur eru ánægðir með stefnuna en finnst vanta fjármagn og úrræði til að fylgja stefnunni eftir í daglegu starfi. Rætt var um að langur biðlisti væri í þau úrræði sem eru í boði, s.s. ráðgjöf frá Brúarskóla, greiningar, sálfræðiráðgjöf og pláss á þeim deildum sem sinna nemendum með sérþarfir. Einnig var rætt um að svigrúm vantar til þess að ráða fleira fagfólk s.s. þroskaþjálfara, talkennara og fleiri starfsmenn með sérhæfingu til að sinna þeim fjölbreytta nemendahópi sem skólarnir eru að sinna. Í dag eru stuðningsfulltrúar of mikið með

börnin sem þurfa mestu þjónustuna. Bent er á að það vantar úrræði fyrir börn á aldrinum 6 til 8 ára sem rekast illa innan skólans vegna hegðunarerfiðleika eða annarra erfiðleika. Þetta stangast á við hugmyndir um snemmtæka íhlutun.

Bókun á 64. fundi skóla- og frístundaráðs 3.9.2014

Fulltrúi Félags skólastjórnenda í Reykjavík vill beina því til skóla- og frístundaráðs að mikilvægt er að skapa fjárhagslegt svigrúm til að sinna megi öllum nemendum grunnskólanna og þá ekki síst nemendum sem eiga við fjölþættan vanda að stríða. Brýn þörf er á að skapa skilyrði til að öllum börnum geti liðið vel og að þau séu örugg í grunnskólunum en til þess að svo megi vera þarf að skapa viðeigandi úrræði í skólaumhverfinu og slíkt kallar á aukið fjármagn.

Einnig er bent á að þörf á því að skapa stjórnendum grunnskólanna þau skilyrði að þeir geti sinnt þeim faglegu málefnum sem þeim ber að sinna. Bent er á að árið 2009 var 30% niðurskurður í viðbótar stjórnunarkvóta til grunnskólanna og árið 2010 var 20% niðurskurður í stjórnunarkvóta til grunnskólanna, samtals hefur því stjórnunarkvótinn dregist saman um 50% eftir hrun. Úr þessu þarf að bæta á nýju fjárhagsári svo stjórnendur grunnskólanna geti verið þeir faglegu leiðtogar sem þeir eiga að vera.

Fylgiskjal 4

Yfirlýsing vegna fjölmiðlaumræðu 26.9.2013 (sent í fjölmiðla)

Félag skólastjórnenda í Reykjavík vill í ljósi fjölmiðlaumræðu síðustu daga senda frá sér eftirfarandi yfirlýsingu.

Starfsfólk grunnskóla, foreldrar, fjölmiðlar og samfélagið allt þarf að sameinast um að kveða niður ofbeldi í öllum birtingarmyndum. Það er stefna grunnskóla Reykjavíkur að vinna að því að tryggja öryggi og velferð nemenda. Í skólunum er unnið eftir skýrum ferlum þegar upp koma erfið viðkvæm mál og er reynt að gæta hlutlægni í hvívetna. Í flóknum málum sem ekki leysast innan skólanna eru kallaðir til sérfræðingar frá þjónustumiðstöðvum hverfanna, frá skóla- og frístundasviði, Barnavernd Reykjavíkur og eða aðrir sérfræðingar.

Skólastjórnendur og aðrir starfsmenn grunnskóla eru bundnir trúnaði og geta því ekki tjáð sig um einstök mál. Það er ósk okkar að fjölmiðlar og almenningur gæti hlutlægni í allri umfjöllun og varist að fella dóma í viðkvæmum málum.

Tökum höndum saman um að tryggja öryggi og velferð barna í skólaumhverfinu með faglegru umræðu um þessi mikilvægu mál.

Félag skólastjórnenda í Reykjavík